

## REGLUGJÖRD

44  
27. apríl

um

notkun Krossavíkur við Hellissand innan skjólgarðsins.

### 1. gr.

Skjólgarðurinn og Krossavíkin innan hans ásamt erfðafestulandi því, sem hreppsnefndin í Neshreppi utan Ennis hefir tekið á leigu hjá ríkissjóði er í umsjón hreppsnefndarinnar. Nefndin getur ef þurfa þykir falið einum manni, innan eða utan hreppsnefndar eftirlit með notkun víkurinnar o ghafnarvirkjanna; kveður hreppsnefndin á um starfsvið hans og þóknun, og skal hlutaðeigendum skylt að hlíta fyrir mælum hans.

### 2. gr.

Bannað er að kasta fiskúrgangi innan skjólgarðsins. Í hvert skifti, sem aðgerð á fiski fer fram, skal flytja allan úrgang út fyrir skjólgarðinn eða á land upp í gryfjur, sem skulu grafnar þar sem hreppsnefnd leyfir.

Bannað er einnig að kasta út seglfestu eða bera steina ofan fyrir flæðarmál í víkinni. Akkeri eða aðra harða hluti má ekki láta liggja fyrir neðan stórstraumsflæðarmál. Enginn má grafa maðk til beitu eða gjöra neins konar gryfjur innan sömu takmarka.

### 3. gr.

Vjelbátar, sem hafa aðsetur í víkinni eða leita þangað hafnar, skulu strax og inn er komið binda sig í báða stafna með jarnkeðjum í festarhöld þau, sem í víkinni eru. Hver bátur skal skyldur að leggja þessar keðjur til sjálfur og skulu þær teknar gildar af skoðunarmönnum Samábyrgðar Íslands. Hafi einhver bátur ekki keðjur, sem teknar eru gildar, skal hann strax útvega sjer þær áður en hann fær leyfi til að liggja í víkinni. Hver bátur skal hafa legupláss þar sem hreppsnefnd eða umsjónarmaður vísar til. Ætlast er til, að stærstu bátarnir liggi fremst, en hinir minstu inst.

### 4. gr.

Gjöld fyrir notkun víkurinnar eru þessi:

#### A. Bátagjöld.

Vjelbátar: Fyrir vetrarvertíð 7 kr. af rúmlest.

— Fyrir vorvertíð 6 kr. af rúmlest.

— Fyrir sumarvertíð 5 kr. af rúmlest.

— Fyrir haustvertíð 4 kr. af rúmlest.

— Fyrir vjelbát sem er alt árið 15 kr. af rúmlest.

**44** Fyrir aðkomuvjelbáta í eitt skifti eða oftari, hafi báturinn ekki fast  
27. apríl aðsetur, 3 krónur í hvert skifti að 8 rúmlesta stærð, en fyrir stærri báta  
5 krónur.

Fyrir róðrabáta yfir hverja vertíð 10 kr.

Fyrir uppskipunarbát yfir árið 10 kr.

Fyrir vjelbáta, sem ekki eru í notkun og ekki greiða gjald samkvæmt fyrtöldu:

Fyrir að leggja upp vjelbát til aðgerða 10 kr.

Fyrir að geyma vjelbát á þuru landi 10 kr.

### B. Vörugjöld.

Af vörum, sem fluttar eru í land í víkinni eða skipað þaðan út, skal greiða gjald það sem hjer segir:

1. Af salti 1 kr. af hverri smálest.
2. Af kolum 1 kr. af hverri smálest.
3. Af óverkuðum saltfiski 1 kr. af hverri smálest, hvort heldur fiskurinn er fluttur burtu úr víkinni á sjó eða landi.
4. Af verkuðum saltfiski kr. 1,50 af hverri smálest.
5. Af olíutunnum, fisktunnum, síldartunnum og kjöttunnum 30 aur. af hverri tunnu.
6. Af öllum öðrum vörum 20 aur. af hverjum 100 kg., minsta gjald þó 20 aurar.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið aðeins einu sinni.

Póst- og farþegaflutningur er undan þeginn gjaldi þessu.

Ennfremur skal ekkert gjald greiða af vörum þeim, sem eiga að fara í land í Sandskaupþúni, en fluttar eru í land í Krossavík af því að ófært er veðurfars eða sjógangs vegna að flytja þær í land á Sandi.

Vörugjaldið skal reikna eftir þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeining telst sem heil gjaldeining. Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrá eða farmskírteinum, ef um slík skjöl er að ræða.

Hreppsnefndin hefir haldsrjett á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, uns gjaldið er greitt. Hreppsnefndin sjer um innheimtu á báta- og vörugjöldum og ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegn innheimtulaunum þeim, er um semur. Gjöldin renna í sjerstakan sjóð, lendingarsjóð Krossavíkur, er sje varið til að standast kostnað af mannvirkjum þeim, er þegar hafa gjörð verið til lendingarbóta í Krossavík við Hellissand, viðhaldi þeirra og frekari umbótum. Reikningar lendingarsjóðsins skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

### 5. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari má taka lögtaki.

## 6. gr.

44

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr., er renna í 27. apríl lendingarsjóð Krossavíkur, og fer um mál út af þeim, sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76. 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. maí 1923 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1923.*

Kl. Jónsson.

*Vígfús Einarsson.*

## REGLUR

45

um

30. apríl

flokkun og merking á ull til útflutnings.

## 1. gr.

Ull, sem hæf er til útflutnings, flokkast þannig:

*I. flokkur.* Öll hvít vorull, sem er fætlingalaus, blæfalleg, greið og vel þvegin. Ull með gulleitu togi sje eigi útilokuð, ef þelið er vel hvítt og hún að öðru leyti fullnægir ofansögðu.

*II. flokkur.* Öll önnur hvít vorull, vel þvegin.

*II. b. flokkur.* Hvít haustull vel þvegin og þur.

*III. flokkur.* Öll svört eða að öðru leyti mislit vorull, sem um alt nema lit fullnægir sömu skilyrðum og I. flokks vorull.

*IV. flokkur.* Öll vel þvegin ull, sem að öðru leyti eigi fullnægir skilyrðum I. til III. flokks.

*V. flokkur.* Öll hvít haustull óþvegin, en laus við skarnklepra, blóðskorpur og skinnsnepla.

*VI. flokkur.* Öll mislit haustull, sem að öðru en lit fullnægir sömu skilyrðum og V. flokkur.

## 2. gr.

Sú ull, sem eigi er vel þur, er ekki hæf til útflutnings; ekki heldur ull, sem eigi fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull, sem talin verður svikin verslunarvara. Er það á ábyrgð lögskipaðra ullarmatsmanna, að þeir merki enga slíka ull til útflutnings.